

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að afmarkað verði sérmerkt bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Síðumúla 1, Ármúlamegin.
2. Að afmarkað verði sérmerkt bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Þórsgötu 12, Baldursgötu-megin.

Bílastæði er merkt með umferðarmerkinu D01.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 9. október 2019.*

**Sigríður Björk Guðjónsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 23. október 2019